



5. DKG-fundur vetrarins haldinn í Fjölbrautarskóla Suðurlands 15.mars 2018

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 17:30 Fundarstaður: Fjölbrautarskóli Suðurlands

1. Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Formaðurinn fór yfir mætingalistann og voru 12 konur mættar.
3. Aðalefni fundarins var kynning frá Ágústu Ragnarsdóttur myndlistarkennara við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Hún fór vel yfir og kynnti grunnáfangana í listnáminu við skólann og fór vítt og breytt um listsköpunina og mikilvægi hennar. Þá sagði hún frá kennslu sinni við starfsbraut skólans og því listnámi sem verið er að bjóða starfsbrautarnemendum upp á. Greinilega mjög áhugavert og metnaðarfullt starf sem þar fer fram.
4. Sigríður Guðnadóttir var með orð til umhugsunar að þessu sinni. Hún var með hugleiðingu um Æðruleysisbænina og vangaveltur út frá henni. Orð hennar vöktu okkur svo sannarlega til umhugsunar um lífið og tilveruna.
5. Dregið var úr happdrættinu okkar og hlaut Sædís Ósk Harðardóttir vinninginn.
6. Að fundi loknum snæddum við á veitingahúsinu Menam

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Sigríður Sigurgeirsdóttir, ritari